

Demantahúsið:

Sýningu á eðalsteinum lýkur á sunnudag

SÝNING á eðalsteinum hefur nú staðið síðan 11. nóvember í Demantahúsinu, Reykjavíkurvegi 62 í Hafnarfirði. Á sýningunni eru sýndir milli 15 og 20 eðalsteinar og ýmsir skartgripir.

Á sögn Stefáns B. Stefánssonar hjá Demantahúsinu hefur aðsókn að sýningunni verið mjög góð, enda yfirlitt lítið um sýningar af þessu tagi. Hann sagði að Demantahúsið

væri níu mánaða gamalt fyrirtæki og er stefnt að því að halda sýningu á hverju ári.

Í tengslum við sýninguna hefur verið gefinn út bæklingur, þar sem helstu eðalsteinum er lýst, hvar þeir finnast og einkennum þeirra.

Sýningin er opin frá kl. 14.00—18.00, en henni lýkur á sunnudagskvöld.

Hausthappdrætti Sjálfstæðisflokksins:

Dregið eftir rúma viku

HAPPDRÆTTI Sjálfstæðisflokksins er nú í fullum gangi enda aðeins rúm vika þar til dregið verður. Miðar hafa verið sendir til stuðningsmanna flokksins í Reykjavík og úti á landi og þar sem svo skammur tími er til stefnu eru þeir, sem enn eiga ógerð skil, beðnir að gera skil sem fyrst.

Skrifstofa happdrættisins í Reykjavík er í Valhöll, Háaleitisbraut 1, og verður hún opin í dag, laugardag, frá kl. 13 til 18 og á morgun, sunnudag, kl. 13 til 17. Þá verður andvirði miða sótt heim, ef óskað er.

(Fréttatilkynning frá Sjálfstæðisflokksnum.)

Fullveldisfagnaður Stúdentafélags Rvk.

STÚDENTAFÉLAG Reykjavíkur er einn elzti félagsskapur hér á landi. Það var stofnað 14. nóv. 1871 og varð því nýlega 113 ára. Stúdentafélagið hefur, sem kunnugt er, beitt sér fyrir margvíslegum málum og haldið uppi ýmiss konar starfsemi.

Eitt viðfangsefnið hefur verið fullveldisfagnaður, en hann hefur um langt skeið verið haldinn nálægt mánaðamótum nóvember-desember. — Svo verður einnig nú í ár. Stúdentafélagið heldur fullveldisfagnað í Átthagasal Hótelis Sögu laugardaginn 1. des. Hefst hann með borð-

haldi kl. 19.30, en veizlustjóri verður Sveinn Einarsson, leikskáld. Aðalræðuna flytur Ólafur Oddsson, menntaskólakennari. Þá stjórnar Valdimar Örnólfsson, fimleikastjóri, fjóldasöng, því næst leikur hljómsveit fyrir dansi fram eftir nóttu. Stjórn félagsins hvetur stúdententa til þess að fjölmenna og panta miða sem fyrst hjá einhverjum stjórnarmanna, en miðar verð seldir í anddyri Átthagasalar 29. og 30. nóv. kl. 17—19. Hér gefst gott tækifæri til að koma í góðra vina hópi og minnast fullveldisins.

Fréttatilkynning.



Steinunn Marteinsdóttir ásamt barnabarni sínu.

Sýningu Steinunnar og Ásgerðar að ljúka

TVEIMUR sýningum á Kjarvalsstöðum lýkur nú um helgina, á sunnudagskvöld. Það eru sýningar þeirra Steinunnar Marteinsdóttur og Ásgerðar Búadóttur. Steinunn sýnir 93 keramikverk, unnin í hvítan leir og steinleir. Verkin eru veggmyndir, skálar og plattar. Sýning Steinunnar er í Austursal Kjarvalsstaða.

Ásgerður Búadóttir sýnir sína hinn 3. þessa mánaðar, en listvefnað í Vestursal Kjarvalsstaða. Á sýningu hennar eru 16 verk og eru flest þeirra fremst sökum verkfalls. Sýning Ásgerður stór. Steinunn opnaði sýningu ar hófst 10. nóvember.



Ásgerður Búadóttir

LISTASAFN ÍSLANDS

24. nóvember - 9. desember 1984



TÍU FRANSKIR LJÓSMYNDARAR

Claude Batho, Édouard Boubat, Henri Cartier-Bresson, Jean-Philippe Charbonnier, Robert Doisneau, Gilles Ehrmann, Marc Roboud, Jean-Loup Sieff, Sabine Weiss

Sýning á verkum tíu frægustu ljósmyndara Frakka á þessari öld


SÝNING tíu fremstu ljósmyndara Frakka á þessari öld verður opnuð í dag kl. 14.00. í Listasafni Íslands. Þetta er farandsýning frá Musée d'Art Moderne de la Ville de Paris. Hún er hingað komin fyrir milligöngu franska sendiráðsins á Íslandi. Sýning var áður í London, Edinborg og Dublin. Héðan fer hún til Helsinki og Osló o.fl. borga.

Á sýningunni eru myndir eftir Claude Batho, Édouard Boubat, Henri Cartier-Bresson, Jean-Philippe Charbonnier, Jean Dieuzaide, Robert Doisneau, Gilles Ehrmann, Marc Roboud, Jean-Loup Sieff og Sabine Weiss.


Sýningin stendur til 9. desember og er opin frá kl. 13.30—18.00 á virkum dögum, en kl. 13.30—22.00 um helgar.



Nýtt fyrir aðventuna



Seenskir aðventukransar úr furu með fallegri, látlausri skreytingu. Skærir jólalitir. Margar gerðir. Verð frá 490.- kr.



Keramik aðventuhringir frá GLIT. Hvítir og svartir. Falleg skreyting. Verð frá 640.- kr.



Aðventukransar. Vafið greni ásamt skreytingum. Lágir, á borð. Verð frá 490.- kr. Hangandi, t.d. í glugga. Verð frá 545.- kr. Á borðstáti (sjá mynd) verð frá 745.- kr.

Fallega skreyttir aðventukransar, aðventubakkar og skreytingar í miklu úrvali.



Sýnikennsla í dag kl. 14-18.

Uffe Balslev og Fjóla Guðmundsdóttir leiðbeina um gerð aðventuskreytinga.



Blóm um interflora víða veröld

blómaval



Gróðurhúsinu við Sigtún: Símar 36770-686340